

112 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um sölu kirkjujard-**
 5. oktbr. **arinnar Litlu-Heiði.** Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir með brjefi, dagsettu 20. júlí þ. á., skýrt mjer frá, að hans hátign konunginum hafi 18. s. m. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja megi jörðina Litlu-Heiði í Hvammshreppi, sem heyrir undir Mýrdalsþingaprestakall í Vestur-skaptafellsprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 900 kr., með því skilyrði, að söluandvirði jarðarinnar ávaxtist undir umsjón stiptsyfirvaldanna sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, að $\frac{1}{10}$ árlegra vaxta leggjist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jörðin framvegis verði skoduð sem bændaeign að því er skatta og skyldur áhrærir.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að því viðbættu, að ef höfuðstólnum, sem að svo miklu leyti sem unnt er verður að ávaxta með eigi lægri rentu en 4⁰/₀, verður varið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í landsbankanum, verður að rita á brjef þessi, að þau tilheyri prestakallinu, og ákvæði stiptsyfirvaldanna um að eigi megi afhenda.

113 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um sölu á kirkjujörð-**
 5. oktbr. **inni Miðdalagröf.** Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir með brjefi dagsettu 20. júlí þ. á. skýrt mjer frá, að hans hátign konunginum hafi 18. s. m. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja megi jörðina Miðdalagröf í Kirkjubólshreppi, sem heyrir undir Prestsbakkaprestakall í Strandaprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 1200 kr., með því skilyrði, að söluandvirði jarðarinnar ávaxtist undir umsjón stiptsyfirvaldanna sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, að 2 kr. árlegra vaxta leggjist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jörðin framvegis verði skoduð sem bændaeign að því er skatta og skyldur áhrærir.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að því viðbættu, að ef höfuðstólnum, sem að svo miklu leyti sem unnt er verður að ávaxta með eigi lægri rentu en 4⁰/₀, verður varið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í landsbankanum, verður að rita á brjef þessi, að þau tilheyri prestakallinu, og ákvæði stiptsyfirvaldanna um að eigi megi afhenda.

114 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamt-**
 29. oktbr. **inu um sveitfesti þurfalings.** Með brjefi, dagsettu 22. þ. m., hafið þjer, herra amtmáður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Leidvallarhreppi hinum forna, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 10. desbr. f. á.,

sem ákveður að Guðlaug nokkur Björnsdóttir skuli álltast sveitlæg í fyrnefnd-
um hreppi og að hún skuli endurgjalda Bessastaðahreppi legukostnað 114
hennar á árinu 1899, 62 kr. 47 a., auk ársmeðlags með óskilgetnu barni henn- 29. oktbr.
ar, alls 92 kr. 47 a.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frek-
ari birtingar og ráðstöfunar, að með því að eg er með öllu samdóma yður um
mál þetta, skal úrskurður yðar standa óraskaður.

Úrskurður amtsins.

Eftir að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði með brjefi, dags. 19. febr. þ.
á., lagt undir úrskurð minn ágreining milli Bessastaðahrepps og hins forna Leiðvallarhrepps
snertandi sveitfesti Guðlaugar nokkurrar Björnsdóttur, og endurgjald á fátækrastrýk þeim,
sem henni hefir verið lagður af Bessastaðahreppi, — en þjer og sýslumaðurinn í fyrnefndri
sýslu hafði eigi getað orðið á eitt sáttir um úrslit málsins, — mæltist jeg til þess í brjefi,
dags. 27. febr. þ. á., að fá sem fyrst umsögn yðar, velbörni herra sýslumaður, um málið,
eins og það þá lá fyrir, og hreppsnefndarinnar í hinum forna Leiðvallarhreppi, og eptir að
þjer nú hafði sent mjer með þóknalegu brjefi yðar, dags. 5. f. m., þessa umsögn hrepps-
nefndarinnar, dags. 15. okt. þ. á., sem sýnir, að hún hefir eigi svarað brjefi yðar hjerað-
lútandi, dags. 2. apríl þ. á., fyr en, eins og sagt var, 15. okt. þ. á., er svo látandi úrskurð-
ur lagður á þetta mál:

Guðlaug þessi Björnsdóttir var vinnukona í Gesthúsum í Bessastaðahreppi þá er
hún veiktist á sumrinu 1899, og var henni þá samkvæmt fyrirsögn hjeraðslæknisins komið
til Reykjavíkur, til þess hún væri undir læknishendi þar um tíma; hún naut þá fyrst hjúk-
unar hjá hjálpræðishernum í 9 daga, unz henni yrði útvegud vist á spítalanum í Reykjavík,
þar sem hún dvaldi í 47 daga. Kostnaðurinn við þessa veru hennar hjá hjálpræðishernum varð
12 kr., en legukostnaðurinn á spítalanum hljóp alls 50 kr. 47 a. Auk þess hafði Guðlaug
Björnsdóttir óskilgetið barn í eptirdragi, og varð hreppsnefndin í Bessastaðahreppi að leggja
með þessu barni 30 kr. það árið, er móðirin veiktist, en faðir barnsins, sem hafði verið sveit-
lægur í nefndum hreppi, var fyrir löngu dáinn.

Eftir þeim málgögnum, sem fyrir liggja, er Guðlaug Björnsdóttir fædd 19. október
1851 í hinum forna Leiðvallarhreppi, og eptir skýrslu hennar sjálfar hefir hún hvergi unnið
sjer sveit utan þessa fæðingarhrepps síns, með lögboðinni 10 ára dvöl í nokkrum hreppi.
Hreppsnefndin í hinum forna Leiðvallarhreppi hefir samt vefengt skýrslu Guðlaugar, þar
sem eitt ár virðist vantalið í skýrslu hennar, en með því hún hafði dvalið 9 ár samfleytt í
Bessastaðahreppi eptir því, sem hún sjálf skýrir frá, gæti þetta eina vantandi ár ráðið spurs-
málinu um sveitfesti hennar, og verið 10. ár hennar í nefndum hreppi, enda beri vottorð
hlutaðeigandi sóknarprests og framburði Guðlaugar eigi saman að öllu leyti, að því er snertir
ef Guðlaug yrði álitin sveitlæg í fæðingarhreppi sínum, hafði þjer fallizt á þá skoðun hrepps-
nefndarinnar í hinum forna Leiðvallarhreppi, að matarverð ætti að dragast frá kostnaðinum
eptir 23. gr. tilskipunar 26. jan. 1866, um vinnuhjú á Íslandi, og hafði þjer ennfremur
haldið því fram, að borgunin fyrir veru Guðlaugar hjá hjálpræðishernum væri of há.

Eftir skýrslu þeirri, sem síðast hefir verið tekin fyrir rjetti um æfiferil Guðlaugar
Björnsdóttur, er enginn efi á því, að hún hvergi hefir áunnið sjer sveit utan fæðingarhrepps

114 síns, en sú óvissa, sem er á framburði hennar um aldur hennar, og eitt ár af æfi hennar, snertir 29. oktr. þann tíma, er hún dvaldi hjá foreldrum sínum fram að 15 eða öllu heldur 16 ára aldri sínum, enda kemur vottorð prestsins að Görðum á Álptanesi, sem að vísu aðeins telur Guðlaugu hafa verið 8 ár samfleytt í hreppnum, eigi í neim verulegan bága við skýrslu hennar um veru sína í Bessastaðahreppi, sem hún staðhæfir að hafi verið lengst 9 ár samfleytt.

Er Guðlaug Björnsdóttir þannig sveitlæg í fæðingarhreppi sínum. Kostnaður sá, sem hreppsnefndin í Bessastaðahreppi hefir lagt fram, og sem stafar af legu Guðlaugar í Reykjavík, hefir að öllu leyti orsakast af lækning hennar og sjerstaklegri aðhjúkrun, og verður einkis af þessum kostnaði krafizt hjá húsbónda hennar, sbr. 23. gr. tilsk. 20. jan. 1866, um vinnuhjú á Íslandi.

Antið úrskurðar því hjermeð, að Guðlaug Björnsdóttir skuli álitast sveitlæg í hinum forna Leiðvallarhreppi, og ber honum að endurgjalda Bessastaðahreppi legukostnað þennar á árinu 1899, 62 kr. 47 a., auk ársmeðlags með óskilgetnu barni hennar, 30 kr.; alls 92 kr. 47 a.

Jafnframt því þjenustusamlega að tilkynna yður þetta, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í hinum forna Leiðvallarhreppi, skal eg mælast til þess, að þjer vilduð annast um, að hún án frekari tafar borgi yður fyrirnefndar 92 kr. 47 a., sem eg vænti að þjer afgreiðið til sýslumaunsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og óska eg eptir að fá skýrslu yðar um að svo sje gjört.

Ennfremur skal eg mælast til þess, að þjer gefið hreppsnefndinni í hinum forna Leiðvallarhreppi áminning fyrir það, að hún eigi hefir, eins og getið er að framan, svarað brjefi yðar, dags. 2. apríl þ. á., fyr en 15. okt. þ. á., og það þótt þjer hefðuð skorað á hana, að láta yður hið fyrsta í tje umsögu sína um málið.

115
29. okt

Brjef landshöfðingja til amtmaunsins yfir Suduramtinu og Vestur amtinu um sveitfesti þurfalings. Með brjefi yðar, dagsettu 22. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Leiðvallarhreppi hinum forna, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 13. janúar þ. á., sem ákveður, að Guðlaug nokkur Pálsdóttir skuli álitast sveitlæg í fyrirnefndum hreppi, og að hann skuli endurgjalda Miðnes-hreppi framlög hans með nefndum þurfaling, 9 kr. 75 a.

Jafnvel þótt jeg eigi geti verið yður fyllilega samdóma um það, að flutningur Guðlaugar á framfærslusveit hennar hafi eptir atvikum verið löglegur, get jeg þó fallizt á framan nefndan úrskurð yðar og skal hann því standa óhaggður.

Þetta er yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Úrskurður amtsins.

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, velborni herra sýslumaður, dagsett 5. f. m., innihaldandi ítarlegri umsögu yðar um ágreining þann, sem er milli yðar og sýslu-manusins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um sveitfesti og framfærslu gamalmennisins Guðlaugar